

## Viðhorfskönnun skógarbænda á Norðurlandi

Norðurlandsskógar voru stofnaðir árið 2000 og fögnuðu því 10 ára afmæli á síðasta ári. Að því tilefni var ákveðið að gefa út veglega ársskýrslu árið 2010 þar sem farið yrði yfir þetta fyrsta tíu ára tímabil í sögu verkefnisins í máli og myndum.

Ákveðið var að senda út viðhorfskönnun til skógarbænda sem eru með samning við verkefnið til þess að fá fram væntingar þeirra til skógræktarinnar og viðhorf til ýmissa þjónustuþátta Norðurlandsskóga og hvernig skógarbændur sjá fyrir sér framtíðina á þessum tímamótum. Spurningarnar eru hannaðar með það í huga að hægt verði að endurtaka könnunina að tíu árum liðnum og bera saman þær breytingar sem orðið hafa á viðhorfum og væntingum skógarbænda.

142 skógarbændum var send könnunin sem innihélt 24 spurningar. Svör bárust frá 105 aðilum eða 74% svörun.

Spurt var í nokkrum aðskildum spurningum um væntingar skógarbænda til skógarins í framtíðinni og ástæður þess að þeir ákváðu að fara út í skógrækt. Mikill meirihluti skógarbænda fóru út í skógrækt af áhuga og vilja til að fegra landið og er mjög sáttur með þá ákvörðun að hefja skógrækt. Stærstur hluti bænda telur miklar líkur á að skógurinn muni skila timburnytjum í framtíðinni. Langflestir telja einnig að skógrækt geti farið vel saman með hefðbundnum búskap.

Einnig var spurt um þjónustu og rekstur Norðurlandsskóga, fram kom að nær allir skógarbændur sem svöruðu könnuninni eru ánægðir með þá þjónustu og faglegu þekkingu sem starfsmenn Norðurlandsskóga veita. Einnig var nokkuð almenn ánægja með stjórnun og framlög verkefnisins.

Hugur manna til sameiningar við önnur verkefni og/eða stofnanir var einnig kannaður. Meirihluti skógarbænda er andvígur sameiningu og telur hag sínum betur borgið með sjálfstæðu verkefni sem stýrt er af heimamönnum.

Í heildina séð, er óhætt að segja að viðhorf skógarbænda til starfsemi Norðurlandsskóga og framtíðar verkefnisins séu mjög jákvæð.